



ENOR

Enor ehf. | s. 430 1800 | www.enor.is



Sveitarfélagið Skagaströnd

Endurskoðunarskýrsla 2014

Efnisyfirlit

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun ársins 2014</i>	<i>3</i>
<i>Helstu niðurstöður endurskoðunar 2014</i>	<i>4</i>
<i>Ársreikningur sveitarfélagsins</i>	<i>5 - 12</i>
<i>Reikningshaldslegt mat</i>	<i>13 - 14</i>
<i>Notkun reiknings-skilaaðferða</i>	<i>15</i>
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	<i>16</i>
<i>Önnur mikilvæg atriði</i>	<i>17</i>

Endurskoðun ársins 2014

Akureyri 13. maí 2015

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Sveitarfélagsins Skagastrandar fyrir árið 2014. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2014, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.


Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi

Níels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við stjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllst,
Enor ehf.



Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi

Helstu niðurstöður

Hér á eftir eru settar fram helstu niðurstöður endurskoðunarinnar, ítarlegri umfjöllun um einstaka liði er á blaðsíðum 5 til 17 í skýrslunni.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga.

Tap varð á rekstri A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði að fjárhæð kr. 42,4 millj. samanborið við kr. 36,2 millj. tap skv. fjárhagsáætlun. Framlög vegna hitaveitu hafa sett töluverðan svip á rekstrarafkomu sveitarfélagsins á undanförunum árum. Á árinu 2014 eru gjaldfærðar kr. 13,0 millj. vegna þáttöku sveitarfélagsins í kostnaði. Á móti gjaldfærðu framlagi til íbúa vegna hitaveitu eru færðir styrkir sem sveitarfélagið fékk á árinu að fjárhæð kr. 16 millj. vegna hitaveituf framkvæmda hjá sveitarfélaginu.

Afkoma samstæð sveitarfélagsins var kr. 8,2 millj. lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Neikvæð frávik í skatttekjum, fjármagnsliðum og aukinn kostnaður í málaflokki 04 Fræðslu og uppeldismál eru helstu ástæður lakari afkomu en áætlun gerði ráð fyrir. Á móti kemur að sameiginlegur kostnaður í málaflokki 21 er mun lægri en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist af styrkjum og endurgreiðslum sem sveitarfélagið fékk á árinu í tengslum við kostnað við hitaveituf framkvæmdir og lagningu ljósleiðara.

Reikningshaldslegt mat

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2014 sé í samræmi við reikningsskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2014.

Notkun reikningsskilaaðferða

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og settra reikningsskilareglna. Engin veruleg frávik komu fram við þá yfirferð.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Miðað við eðli og umfang starfseminnar teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi. Engin veruleg frávik eða veikleikar á innra eftirliti komu fram við yfirferð okkar vegna ársins 2014.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Afkoma sveitarfélagsins, A- og B hluta

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga. Samstæðuársreikningur sveitarfélagsins er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, eignum og skuldum er eytt út.

Tap varð á rekstri A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði að fjárhæð kr. 42,4 millj. samanborið við kr. 36,2 millj. tap skv. fjárhagsáætlun. Framlög vegna hitaveitu hafa sett töluverðan svip á rekstrarafkomu sveitarfélagsins á undanförunum árum. Á árinu 2014 eru gjaldfærðar kr. 13,0 millj. vegna þátttöku sveitarfélagsins í kostnaði íbúa við að tengjast hitaveitu en kostnaður sveitarfélagsins vegna eigin eigna hefur verið eignfærður að mestu. Á móti gjaldfærðu framlagi til íbúa vegna hitaveitu eru færðir styrkir sem sveitarfélagið fékk á árinu að fjárhæð kr. 16 millj. sem er að stærstum hluta framlag af sóknaráætlun landshluta. Sveitarfélagið fékk einnig kr. 5 millj. greiðslu frá Mílu vegna lagningar ljósleiðara meðfram hitaveitulögnum.

Rekstrarniðurstaða A-hluta á árinu 2014 var neikvæð um kr. 37,9 millj. samanborið við kr. 17,2 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun. Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B-hluta á árinu 2014 var neikvæð um kr. 18,8 millj. samanborið við kr. 10,5 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun.

Afkoma samstæðunnar var því kr. 8,2 millj. lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Neikvæð frávik í skatttekjum, fjármagnsliðum og aukinn kostnaður í málaflokki 04 Fræðslu og uppeldismál eru helstu ástæður lakari afkomu en áætlun gerði ráð fyrir en á móti er sameiginlegur kostnaður í málaflokki 21 mun lægri en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist af styrkjunum sem nefndir eru hér til hliðar.

Helstu frávik frá áætlun má sjá í töflunni hér fyrir neðan.

Frávik frá áætlun (í þús kr.)	Áætlun		
	Rauntölur	með viðaukum	Frávik
Skatttekjur	337.415	358.929	(21.514)
Fræðslumál	(193.989)	(176.490)	(17.499)
Sameiginlegur kostn.	(31.766)	(57.875)	26.109
Breyting lífeyrisskuldb.	(15.050)	(9.100)	(5.950)
Fjármagnsliðir	31.656	42.896	(11.240)
Eignasjóður	(15.914)	(23.130)	7.216
Þjónustumiðstöð	(11.974)	(10.146)	(1.828)
Aðrir liðir í A-hluta	(138.242)	(142.305)	4.063
Hafnarsjóður	14.936	13.313	1.623
Vatnsveita	1.969	(1.471)	3.440
Félagslegar íbúðir	5.227	(803)	6.030
Fráveita	4.689	2.861	1.828
Félagsheimili	(7.744)	(7.220)	(524)
	(18.786)	(10.541)	(8.245)

Ársreikningur sveitarfélagsins

Tekjustofnar sveitarfélagsins

Útsvarstekjur sveitarfélagsins lækkuðu um kr. 18,6 millj. eða 7,7% á milli áráanna 2013 og 2014, en í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hafði verið gert ráð fyrir um kr. 6,8 millj. lækkun í útsvarstekjum milli ára. Á milli áráanna 2012 og 2013 höfðu útsvarstekjur hækkað kr. 16,4 millj. eða 7,3% og hefur sú hækking því að fullu gengið til baka og útsvarstekjur aftur orðnar svipaðar og þær voru á árunum 2011 og 2012. Fasteignaskattar og framlög úr jöfnunarsjóði hækka lítillega milli ára.

Aðrar tekjur A-hluta hækka um kr. 22,8 millj. eða 26,5% á milli áráanna 2013 og 2014. Mikil hækking í öðrum tekjum skýrist af styrkjum sem sveitarfélagið fékk á árinu vegna hitaveituf framkvæmda og lagningar ljósleiðara í sveitarfélaginu.

Tekjustofnar A-hluta greinast þannig samanborið við áætlun og fyrri ár.

Tekjustofnar A-hluti (í þús. kr.)

	2014	Áætlun með viðaukum	2013	2012	2011	2010
Útsvar	222.176	233.936	240.735	224.339	218.165	191.791
Fasteignaskattur, lóðaleiga ...	26.238	25.688	24.988	23.944	22.108	25.871
Framlag úr jöfnunarsjóði	88.245	98.550	87.552	77.667	79.655	67.849
Aðrar tekjur	108.711	82.456	85.919	88.192	72.656	74.747
	445.371	440.630	439.194	414.141	392.584	360.258

Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstur aðalsjóðs

Útgjöld til málaflokka í aðalsjóði, önnur en fjármagnsliðir og framlag vegna lífeyrisskuldbindinga námu kr. 466,1 millj. á árinu 2014 samanborið við kr. 412,2 millj. á árinu 2013. Hækkunin er kr. 53,9 millj. eða 13,1%. Gjaldfærð framlög vegna hitaveituframkvæmda eru tekin út við samanburðinn en þau námu kr. 13,0 millj. á árinu 2014 samanborið við kr. 5,4 millj. á árinu 2013 og kr. 180 millj. á árinu 2012. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um kr. 31,7 millj. á árinu 2014 samanborið við kr. 33,7 millj. á árinu 2013. Lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins hækkaði milli ára og nam hækkunin kr. 15,1 millj. sem er nokkuð meiri hækkun en á árinu 2013.


Útgjöld málaflokka (í þús. kr.)

	2014	2013	2012	2011	2010
Aðalsjóður:					
Félagsþjónusta	51.156	46.373	43.368	25.765	20.148
Fræðslu- og uppeldismál	240.833	203.754	204.417	194.246	186.074
Menningarmál	17.496	12.627	14.197	15.884	24.369
Æskulýðs- og íþróttamál	42.055	40.277	42.786	38.618	39.461
Brunamál og almannavarnir	4.955	5.505	5.135	5.133	4.508
Hreinlætismál	14.876	15.336	15.632	15.484	12.364
Skipulags- og byggingarmál	9.711	11.426	8.409	10.087	4.541
Umferðar- og samgöngumál	14.431	15.441	12.607	13.280	18.438
Umhverfismál	6.037	3.414	4.899	5.036	5.422
Atvinnumál	16.546	12.787	11.520	21.614	24.563
Framlög til B-hluta fyrirtækja	0	0	0	0	0
Sameiginlegur kostnaður	47.970	45.290	41.367	41.731	38.453
	466.065	412.230	404.337	386.878	378.341
Fjármagnsliðir	(31.656)	(33.727)	(36.514)	(27.634)	(44.157)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	15.050	5.490	(4.159)	9.732	11.402
Aðalsjóður samtals	449.458	383.993	363.664	368.976	345.585

Ársreikningur sveitarfélagsins

Útgjöld málaflokka í aðalsjóði í hlutfalli af rekstrartekjum A-hluta

Framlög vegna hitaveituframkvæmda að fjárhæð kr. 13,0 millj. á árinu 2014, 5,4 millj. á árinu 2013 og kr. 180 millj. á árinu 2012 hafa verið tekin út til þess að auðvelda samanburð.



Ársreikningur sveitarfélagsins

Þróun launakostnaðar

Laun og launatengd gjöld eru stærsti einstaki kostnaðarþáttur sveitarfélagsins og námu þau kr. 268,8 millj. á árinu 2014 samanborið við kr. 237,0 millj. árið 2013. Lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins hækkaði milli ára og nam hækkunin kr. 15,1 millj. sem er heldur meiri hækkun en árið 2013 þegar lífeyrisskuldbindingin hækkaði um kr. 5,5 millj. milli ára. Lífeyrisskuldbindingin er áætluð til tveggja ára í senn af tryggingastærðfræðingi og var áætlunin fyrir árið 2013 of lág. Hluti hækkunar á árinu 2013 kemur því til gjalda á árinu 2013.

Laun og launatengd gjöld án lífeyrisskuldbindinga námu 54,0% af rekstrartekjum sveitarfélagsins á árinu 2014 samanborið við 45,2% árið 2013. Til samanburðar þá nam annar rekstrarkostnaður (fyrir utan framlag til hitaveitu) 43,1% af rekstrartekjum sveitarfélagsins á árinu 2014.


Launaþróun (í þús. kr.)

	2014	2013	2012	2011	2010	2009
Laun	216.486	191.054	189.985	185.850	172.129	169.286
Launatengd gjöld	52.292	45.978	45.390	46.944	43.572	37.513
Breyting á lífeyrisskuldb	15.050	5.490	(4.159)	9.432	11.402	6.830
	<u>283.828</u>	<u>242.523</u>	<u>231.216</u>	<u>242.226</u>	<u>227.103</u>	<u>213.629</u>
Breyting frá fyrra ári	17,0%	4,9%	-4,5%	6,7%	6,3%	6,6%

Ársreikningur sveitarfélagsins

Sjóðstreymi

Hjá A-hluta var handbært fé frá rekstri neikvætt um kr. 48,7 millj. samanborið við kr. 56,1 millj. jákvætt handbært fé frá rekstri árið 2013. Í áætlun var gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði jákvætt um kr. 4,6 millj. Hjá samstæðunni A- og B-hluta var handbært fé frá rekstri neikvætt um kr. 2,2 millj. samanborið við kr. 106,4 millj. jákvætt handbært fé frá rekstri árið 2013. Framlag sveitarfélagsins til hitaveituframkvæmda á árinu 2012 hafði veruleg áhrif á rekstur og sjóðstreymi sveitarfélagsins á árinu 2012. Hér að neðan má sjá lykiltærðir í rekstrarreikningi og sjóðstreymi, efri myndin sýnir tölur án framlaga til hitaveituframkvæmda, en sú neðri með framlögum.



Vegna taps á árinu hefur aðeins gengið á lausafjárstöðu sveitarfélagsins sem er þrátt fyrir það góð. Handbært fé samstæðunnar nam kr. 439,9 millj. í árslok samanborið við kr. 520,8 millj. í ársbyrjun. Auk þess nam verðbréfaeign sveitarfélagsins kr. 158,9 millj. samanborið við kr. 169,3 millj. í árslok 2013.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Efnahagsreikningur

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu kr. 79,4 millj. á árinu 2014, en þar af námu endurbætur og breytingar á fasteignum sveitarfélagsins vegna hitaveitu kr. 25,9 millj. Framkvæmdir við nýja trébryggju (Miðgarð) héldu áfram á árinu 2014, en fjárfestingin á árinu 2014 nam kr. 32,1 millj. og er heildarframkvæmdin því komin í um kr. 52,1 millj. áður en tekið er tillit til framlaga frá ríkinu. Framkvæmdin og aðrar framkvæmdir hjá hafnarsjóði á árinu 2014 eru styrkhæfar og kom á móti þeim kr. 14,9 millj. framlag frá ríkinu.

Verðbréfaeign og handbært fé lækkuðu samtals um kr. 92,1 millj. milli árana 2013 og 2014. Engin lántaka var á árinu. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir lækka nokkuð milli ára sem ásamt rekstartapi ársins eru ástæða þess hve mikið handbært fé lækkar milli ára. Lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins hækkar um kr. 13,8 millj. milli ára, en að öðru leyti eru ekki miklar breytingar á efnahagsliðum hjá sveitarfélaginu. Veltufjármunir nema kr. 881,8 millj. í A-hluta og nemur veltufjárlutfall 7,7 í árslok samanborið við 6,1 í ársbyrjun. Í samstæðunni nemur veltufjárlutfall 12,4 en var 8,7 í ársbyrjun.

Heildarskuldir A-hluta voru kr. 236,6 millj. í árslok 2014 samanborið við kr. 264,5 millj. í árslok 2013. Langtímalán A-hluta eru öll uppgreidd en í samstæðunni nema langtímalán kr. 266,8 millj. og tilheyra þær skuldir Félagslegu íbúðunum. Eigið fé A-hluta var í árslok kr. 1.117,9 millj. og var eiginfjárlutfallið 82,5%. Eigið fé samstæðunnar var í árslok kr. 1.190,5 millj. og eiginfjárlutfallið 72,9%. Athyglisvert er að sjá að eiginfjárlutfall sveitarfélagsins hækkar milli ára þrátt fyrir að eigið fé lækki vegna rekstartaps á árinu þar sem skuldir lækka nokkuð milli ára.

Skuldir sveitarsjóðs á íbúa í árslok 2014 voru kr. 905 þús. með lífeyrisskuldbindingum en kr. 656 þús. án lífeyrisskuldbindinga. Í árslok 2008 voru skuldir kr. 856 þús. en 694 þús. án lífeyrisskuldbindinga. Skuldir á íbúa hafa því ekki breyst verulega á undanförunum árum. Eigið fé á íbúa hækkar úr kr. 2.031 þús. í árslok 2008 í kr. 2.429 þús. í árslok 2014, sem samsvarar um 19% hækkun á tímabilinu.

Efnahagsliðir á íbúa (í þús. kr.)	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008
Eignir	3.335	3.385	3.124	3.308	3.108	2.995	2.886
Skuldir	905	947	893	812	777	812	856
Eigið fé	2.429	2.438	2.231	2.496	2.331	2.183	2.031
Lífeyrisskuldbindingar	249	218	204	214	191	176	161
Íbúafjöldi	490	496	508	508	530	519	523

Ársreikningur sveitarfélagsins

B-hluta fyrirtæki

Hafnarsjóður

Hagnaður ársins nam kr. 14,9 millj. samanborið við kr. 36,0 millj. hagnað árið 2013. Tekjur lækka um kr. 18,2 millj. milli ára sem samsvarar um 28% hækkun. Árið áður höfðu tekjur hafnarsjóðs hækkað um 22% milli ára og afkoman mjög góð. Mest er lækkunin á aflagjöldum en það er einmitt sá liður sem hafði hækkað hvað mest milli árunna 2012 og 2013. Rekstrargjöld hafnarstjóðs hækka aðeins milli ára vegna afskrifta af nýjum fjárfestingum og aukinni þáttöku í skrifstofukostnaði sveitarfélagsins.

Fjárfestingar í Hafnarsjóði námu kr. 29,1 millj. nettó á árinu 2014. Haldið var áfram framkvæmdum við trébryggju (Miðgarð) og nam fjárfesting vegna framkvæmdanna á árinu 2014 um kr. 32,1 millj. og er því heildarfjárfestingin komin í kr. 52,1 millj. Framkvæmdin er styrkhæf og nam framlag ríkisins kr. 14,0 millj. á árinu 2014 en sveitarfélagið fékk einnig framlag frá ríkinu á árinu 2013 að fjárhæð 6,8 millj. vegna framkvæmdarinnar.

Staða Hafnarsjóðs er góð og var eiginfjárlutfall sjóðsins 98,8% í árslok 2014. Hafnarsjóður á í árslok 2014 kröfu á sveitarsjóð að fjárhæð kr. 75,5 millj.

Félagslegar íbúðir

Hagnaður ársins nam kr. 5,2 millj. samanborið við kr. 4,0 millj. tap árið 2013. Leigutekjur hækka um 5,2% milli ára en rekstrargjöld lækka aðeins milli ára. Vaxtagjöld og verðbætur lækka um 7,3 millj. frá fyrra ári sem að skýrist af lækkun verðbólgu.

Engin íbúð var seld á árinu en 30 íbúðir eru í rekstri hjá Félagslegum íbúðum. Bókfært verð þessara 30 íbúða var kr. 276,9 millj. í árslok 2014 eða um kr. 9,2 millj. að meðaltali á hverja íbúð. Áhvílandi lán á íbúðunum nema samtals kr. 277,3 millj. í árslok 2014 en lánin eru um 100% af langtímalánum samstæðunnar í árslok 2014.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið með sveitastjóra.

Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 2014 hjá A-hluta nam kr. 12,7 millj. sem er 17,2% af útistandandi kröfum, samanborið við kr. 11,9 millj. og 18,3% í ársbyrjun. Niðurfærsla hjá A og B-hluta nam kr. 13,8 millj. samanborið við kr. 13,5 millj. í ársbyrjun.

Sértæk niðurfærsla hefur verið færð þar sem verulegur vafi þykir á innheimtu en auk þess er almenn niðurfærsla tekin á kröfum sem ekki voru niðurfærðar sértækt.

Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2014 sé í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Viðskiptakröfur - A hluti (í þús. kr.)	2013	2012
Viðskiptakröfur	73.774	64.861
Niðurfærsla krafna	(12.687)	(11.863)
Viðskiptakröfur nettó	61.087	52.997
Niðurfærsla í %	17,2%	18,3%
Viðskiptakröfur - A- og B hluti (í þús. kr.)	2013	2012
Viðskiptakröfur	85.249	85.570
Niðurfærsla krafna	(13.848)	(13.524)
Viðskiptakröfur nettó	71.401	72.045
Niðurfærsla í %	16,2%	15,8%

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat eignarhluta í félögum

Mat á eignarhlutum sveitarfélagsins var yfirfarið með sveitastjóra.

Bókfært verð eignarhluta í félögum hjá sveitarfélaginu var kr. 40,7 millj. í árslok 2014. Nýtt hlutafé var lagt í félagið Hólanes ehf. á árinu að fjárhæð kr. 5 millj. Aðeins óveruleg breyting var á öðrum eignarhlutum á árinu og engin breyting gerð á niðurfærslu eignarhluta.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á bókfærðu verði eignarhluta.

Niðurstaða

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2014.

Eignarhlutir í félögum (í þús. kr.)	Bókfært verð	
	31.12 2014	31.12 2013
Ámundakinn ehf	1.250	1.250
Hólanes ehf	5.000	0
Nes Listamiðstöð ehf	9.000	9.000
Snorraberg ehf	5.408	5.408
Tækifæri ehf	1.000	1.000
Sjávarlíftækni setrið BioPol ehf	7.000	7.000
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf	25.957	25.957
Aðrir sjóðir	1.590	1.463
Niðurfærsla eignarhluta	(15.500)	(15.500)
	<u>40.705</u>	<u>35.578</u>

Notkun reikningsskilaaðferða

Lóðir og lendur

Sveitarfélög skulu meta lóðir og lendur sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi Eignasjóðs. Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2014 standa eignfærðar lóðir og lendur í kr. 118,3 millj. sem er sama fjárhæð og í ársbyrjun. Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Lítil breyting varð á lóðaleigutekjum milli álagningar 2014 og 2015 og er því ekki færð nein matsbreyting á lóðir og lendur á árinu 2014.

Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingu starfsmanna Sveitarfélagsins Skagastrandar í B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, annara en grunnskólakennara. Hlutur sveitarfélagsins er áætlaður 53%. Hækkun lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu 2014 nam kr. 15,1 millj. en á móti til lækkunar koma greiðslur ársins að fjárhæð um kr. 1.270 þús.

Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og reglna sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga. Engin veruleg frávik komu fram við þá yfirferð.

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfið og lykilþætti í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt

Aðgreining starfa

Aðgreining starfa er takmörkuð sökum fjölda starfsfólks á skrifstofu en stjórnendur eru meðvitaðir um þennan veikleika. Mikilvægt er að aðrar eftirlitsaðgerðir komi til móts við þá veikleika sem felast í takmarkaðri aðgreiningu starfa.

Lykilþættir í eftirlitsumhverfi	Mat á eftirlitsumhverfi
<ul style="list-style-type: none"> Áhættumat Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits og stjórnunarstíll Upplýsingar og samskipti Stjórnendaeftirlit Eftirlitsaðgerðir 	<p>Miðað við eðli og umfang starfseminnar þá teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi.</p>

Aðfangafærli

Farið var yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Tekið var úrtak úr hreyfingum á gjaldalykla og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru samþykkt af réttum aðila og hvort skráning væri í lagi. Síðustu tvö ár hefur dregið nokkuð úr frávikum við yfirferð okkar en áfram er þó hægt að bæta ferlið. Við teljum að samþykktarferli á rekstrarkostnaði sé virkt.

Launaferli

Farið var yfir grunnögn vegna launavinnslu fyrir valin launatímabil innan ársins og skoðað hvort samþykkt væri til staðar fyrir unnum tímum, öðrum greiðslum og launabreytingum. Engin frávik komu fram við yfirferðina en launagögn eru oft send til launafulltrúa með tölvupósti og felst því samþykkt á tímum og öðrum launaupplýsingum í tölvupóstinum. Við höfum áður bent á að hægt væri að samræma betur vinnuskýrslur sem berast frá yfirmönnum deilda/málaflokka og gera þannig kröfuna um áritun eða samþykkt skýrari.

Önnur mikilvæg atriði

Samkvæmni við lög og reglur

Við höfum yfirfarið helstu lög og reglur sem gilda um starfsemina og lagt mat á það hvort uppgjör sveitarfélagsins væri í samræmi við reglurnar.

Við höfum við endurskoðun okkar ekki komið auga á nein frávik eða brot á lögum og reglum sem gilda um uppgjör eða starfsemi sveitarfélagsins.

Staðfesting á óhæði

Við staðfestum hér með óhæði okkar gagnvart sveitarfélaginu. Okkur er ekki kunnugt um nein tengsl á milli Enor eða starfsmanna Enor og Sveitarfélagsins Skagastrandar sem að okkar faglega mati gætu skert óhæði okkar sem endurskoðenda sveitarfélagsins.

Mismunir og skekkjur

Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.